

Málfundafélag Svalbarðsstrandar

Afhending 1021/8

Málfundafélag Svalbarðsstrandar var starfandi á árunum 1898 – 1908. Fyrsti reglulegi fundur félagsins var haldinn 20. mars 1898 að Tungu.

Tilgangur félagsins samkvæmt 2. gr. laga þess „...er að gefa meðlimum sínum kost á að æfa sig í að tala og hugsa skipulega, og mynda sjóð sem með tímanum getur orðið sveitarfélaginu til gagns og sóma, og skal skipulagsskrá fyrir sjóðinn saminn ekki síðar en fyrir marzmánaðarlok árið 1900“.

Ekki var kosin eiginleg stjórn, heldur skv. 4. grein laga félagsins skulu „Fundirnir hafa alla stjórn félagsins á hendi.“ Þó var kosinn gjaldkeri til að innheimta félagsgjaldið, 50 aura á ári. Innganga í félagið var opin öllum, jafnt konum sem körlum, sem náð höfðu 15 ára aldri og höfðu efni á að borga félagsgjaldið.

Fyrsti gjaldkeri félagsins var Árni Guðmundsson á Þórisstöðum.

Samkvæmt meðlimaskrá voru 59 manns meðlimir félagsins í gegnum tíðina og tekin voru fyrir 147 málefni á fundum félagsins.

Þetta er eina afhendingin sem safninu hefur borist frá þessum skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

27. september 2021

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

Geymsluskrá

Skjalaf.	Askja	Örk	Tímabil	Efni
----------	-------	-----	---------	------

1021 / 8

A-Málfundafélag Svalbarðsstrandar**A-Málfundafélag Svalbarðsstrandar****1898 - 1908**

A	1	1	1898 - 1908	Gjörðabók Málfundafélags Svalbarðsstrandar
---	---	---	-------------	--